



Stjórn SSH 410. fundur

Mánudaginn 12. janúar 2015 kl. 12:15 kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur L. Líndal, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson og Guðný Ívarsdóttir.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð. Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir 1.– 3. dagskrárlið

1. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2019

Á fundinn mættu Torfi Jóhannesson og Hólmfríður Sveinsdóttir frá stýrihópi sóknaráætlana. Ennfremur sat Óli Örn Eiríksson frá skrifstofu atvinnuþóunar og eigna hjá Reykjavíkurborg fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um sóknaráætlunir landshluta frá 28. nóvember 2014 og drög að meginumgjörð vegna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2019

Torfi Jóhannesson gerði grein fyrir meginþáttum sóknaráætlana landshluta og þeirri fjárveitingu sem vænta má úr ríkissjóði á árinu 2015. Reikna má með að fjárveiting til SSH verði um 20 m. króna. Fram kom að til viðbótar fjárveitingu af fjárlögum 2015 er heimilt að flytja ónotað verkefnafé frá árinu 2014 yfir í sóknaráætlun 2015. Ennfremur kom fram að ekki eru gerðar athugasemdir við drög að meginumgjörð vegna sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2019.

Umræður.

Niðurstaða:

Samykkt að framkvæmdastjóri og stjórnarformaður vinni áfram að mótun samningsins á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

2. Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna framkominna athugasemda bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar og samantekt vegna forsendna um famtíðar vatnstöku og vatnsnýtingu vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur lá fyrir tillaga að myndun samráðsvettvangs um vatnsvernd og vatnsnýtingu sem frestað var afgreiðslu á síðasta stjórnarfundum.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að myndun samráðsvettvangs vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að eiga fund með Hafnarfjarðarbæ vegna málsins.

3. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Tillaga að nýju svæðisskipulagi var formlega auglýst um miðjan desember. Farið var yfir umsögn Skipulagsstofnunar og áform um mótun fjögurra ára þróunaráætlunar sem ljúka þarf áður en Skipulagsstofnun staðfestir skipulagstillöguna.



Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að taka fjögurra ára þróunaráætluna til sérstakrar umræðu á næsta stjórnarfundum ásamt innkomnum umsögnum og athugasemdum að afloknum athugasemdafresti. Þar sem athugasemdafresti lýkur 2. febrúar nk. var samþykkt að fresta næsta stjórnarfundum til 9. febrúar.

4. Byggðasamlögin - rekstrarúttekt

Gerð var grein fyrir vinnu stýrihóps vegna rekstrarúttektarinnar, sem og tillögu hópsins um að gengið verði til samninga við Ágúst Þorbjörnsson um vinnu við þann hluta verkefnisins sem kallar á aðkomu utanaðkomandi ráðgjafa. Fyrir fundinum lá verk- og kostnaðaráætlun vegna þessa.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að leggja til við eigendavettvang byggðasamlaganna að gengið verði til samninga við Ágúst Þorbjörnsson á grundvelli fyrirbyggjandi gagna

5. Sameiginleg bakvakt barnaverndar

Fyrir lá skýrsla Expectus v. Sameiginlegrar bakvaktar barnaverndar á höfuðborgarsvæðinu, ásamt fundargerð 10. fundar bakvaktarhóps frá 4. desember sl.

Niðurstaða:

Með vísun í skýrslu Expectus og fundargerð bakvaktarhópsins leggur stjórn SSH til við aðildarsveitarfélögin að samningur sveitarfélaganna um sameiginlega bakvakt barnaverndar verði framlengdur um 2 ár.

6. „Saman gegn sóun“ – Drög að almennri stefnu um úrgangsförvarnir 2015 - 2026

Fyrir lágu „Drög að almennri stefnu um úrgangsförvarnir 2015-2026 frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Stjórn SSH samþykkir að vísa drögunum til umfjöllunar hjá SORPU bs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:05